

GJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Dalabyggðar.

1. gr.

Vatnsgjald Vatnsveitu Dalabyggðar er 0,32% af fasteignamati fyrir íbúðarhúsnæði og annað húsnæði sem tengt er vatnsveitunni.

2. gr.

Aukavatnsgjald skv. 10. gr. reglugerðar fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992, skal vera 13 krónur á hvern mældan eða áætlaðan rúmmetra vatns.

3. gr.

Leigugjald vatnsmæla samanber 11. gr. ofangreindrar reglugerðar fer eftir sverleika heimæðar. Leigugjald skal greiða árlega og vera sem hér segir:

Sverleiki í mm	kr.
< 50	4.000
50-100	10.000
> 100	20.000

Vatnsnotandi skal greiða kostnað við uppsetningu á mæli samkvæmt reikningi.

4. gr.

Heimæðargjald skal taka mið af gerð, stærð og lengd heimæðar samkvæmt lögum nr. 81/1991, með áorðnum breytingum. Miðað er við að ídráttarrör hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá lóðarmörkum að inntaksstað mannvirkisins og frágangur hafi verið samþykktur af tæknideild Dalabyggðar.

Þverm. inntaks	32 mm	40 mm	50 mm	63 mm	75 mm	90 mm
Fastagjald kr.	45.000	60.000	75.000	90.000	105.000	120.000
Gjald á metra í kr.	500	600	700	800	900	1.000

Heimæðargjald fyrir inntök stærri en 90 mm verður reiknað sérstaklega af tæknideild Dalabyggðar.

Aukakostnaður: Vanti ídráttarrör eða ídráttarrör reynist ónothæft greiðist 2.500 kr./m vegna skurðgraftar og ídráttarrörs.

5. gr.

Gjaldskrá Vatnsveitu Dalabyggðar er samin á grundvelli laga nr. 32/2004 um vatnsveitur og reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 421/1992, með síðari breytingum og tekur þegar gildi. Samhliða fellur úr gildi fyrri gjaldskrá nr. 66/2001.

Gjaldskráin var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 18. janúar 2011.

Búðardal, 18. janúar 2011.

Sveinn Pálsson sveitarstjóri.